

síðari breytingum, og 4. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Sigurbergur Björnsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

*Brekkan í Ólafsvík.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. júní 2005 deiliskipulag fyrir Brekkuna í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýju íbúðahverfi í Brekkunni í Ólafsvík.

*Fossahlíð í Ólafsvík.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. apríl 2005 deiliskipulag fyrir Fossahlíð í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur parhúsum við Engihlíð í Ólafsvík.

Deiliskipulagsauglýsing þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 17. ágúst 2005.*

**Smári Björnsson** byggingarfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

### fyrir Borgarfjarðarhöfn.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn, sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps, er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. I.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulíð 3. gr. hafnalaga.